

**IS EQUUS Hlutabréf**
**Markmið og fjárfestingarstefna**

Sjóðurinn leitast við að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum, bæði beint og óbeint í gegnum afleiðunotkun sem eru talin líklegust til að skila sem bestri ávöxtun að mati sjóðstjóra.

Sjóðnum er heimilt að eiga að hámarki 60% af heildareignum í innlánum séu markaðsaðstæður ekki hagstæðar að mati sjóðstjóra. Þá er sjóðnum einnig heimilt að fjárfesta í óskráðum innlendum hlutafélögum, þó að hámarki 40% af heildareignum. Hann hefur einnig heimildir til þess að fjárfesta allt að 30% í íslenskum hlutabréfum skráð í erlenda kauphöll, allt að 25% í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum og allt að 20% í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í afleiðum að hámarki 50% af heildareignum, þá er honum jafnframt heimilt að taka 25% lán til skemmri tíma til að fjárfesta í hlutabréfum og að skortselja fjármálagenginga.


Nánari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í útboðslýsingu hans eða hjá söluaðilum sjóðsins.

**Almennar upplýsingar**


<b>Stofnár</b>	2017
<b>Stærð [m.kr.]</b>	11.314
<b>Tegund sjóðs</b>	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
<b>Rekstraraðili</b>	Íslandssjóðir hf.
<b>Vörsluaðili</b>	Íslandsbanki hf.
<b>ISIN</b>	IS0000028843
<b>Bloomberg auðkenni</b>	ISEQUUS IR
<b>Sjóðstjórar</b>	Gísli Halldórsson Mogens G. Mogensen

**Fjárfestingarheimildir**

Skráð hlutabréf	25-100%
Íslensk hlutabréf skráð erlendis	0-30%
Óskráð hlutabréf	0-40%
Önnur verðbréf	0-50%
Afleiður vegna stöðutöku	0-50%
Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir (alm)	0-25%
Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	0-20%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-60%
Laust fé	

**Eignasamsetning**

**Stærstu eignir**


Marel hf.	19,9%
Arion banki hf.	18,2%
Kvika Banki hf.	9,6%
Vátryggingarfélag Íslands hf.	8,6%
Alpha Hlutabréf	8,4%
Íslandsbanki hf.	8,4%
Origo hf.	7,5%
Reitir fasteignafélag hf.	6,7%
Síminn hf.	6,0%
Sjóvá Almennar tryggingar	5,2%

**Atvinnugreinaflokkun**



<b>Viðskiptatími</b>	10:00-15:00
<b>Uppgjörstími</b>	2 viðskiptadagar (T+2)
<b>Lágmarkskaup</b>	10.000 kr.
<b>Lágmarkskaup í áskrift</b>	5.000 kr.
<b>Árleg umsónarlaun</b>	1,85%
<b>Kostnaður við kaup</b>	2,0%
<b>Kostnaður við kaup í áskrift</b>	1,0%
<b>Afgreiðslugjald</b>	Skv. verðskrá söluaðila

**Tölræði**

<b>Áhættuflokkun</b>	6/7
<b>Viðmiðunarsíatala</b>	OMX110GI

**Ávöxtun og gengisþróun**


Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
<b>6 mán</b>	33,9%	33,9%
<b>1 ár</b>	117,9%	117,9%
<b>2 ár</b>	142,2%	55,5%
<b>3 ár</b>	178,5%	40,7%
<b>4 ár</b>	150,5%	25,8%
<b>5 ár</b>		
<b>Frá áramótum</b>	49,0%	49,0%
<b>Frá stofnun**</b>	80,9%	17,1%


**Nánari upplýsingar**

Íslandssjóðir hf.  
Hagasmára 3, 201 Kópavogi  
Sími: 440-4920  
[www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)

**Söluaðilar:**  
Íslandsbanki hf.  
[www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

**\*\*Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 3.7.2017**

## Áhætta og fyrirvari

Upplýsingar í samræmi við 47. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða

framkvæmir reglulega álagspróf fyrir sjóði Íslandssjóða. Álagspróf metur áhrif ólíkra sviðsmynda á eignasafn sjóða auk þess sem lausafjárstaða sjóða er skoðuð m.t.t. innlausnarskyldu og seljanleika eigna.

Áhættustýring Íslandssjóða

Áhættustig sjóða er metið út

frá því hversu miklar sveiflur eiga sér stað í ávöxtun sjóðanna. Flokkunin byggir á áhættumælikvarða sem grundvallast af leiðbeiningum Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnunarinnar (e. ESMA) og Fjármálaeftirlitsins. Flokkur 1 endurspeglar þannig minnstu sveiflur í ávöxtun og þar með minstu áhættuna en flokkur 7 þá mestu.

Áhættustýring hefur daglegt eftirlit

með fjárfestingarheimildum sjóðanna og hvort fjárfestingar eru innan áhættumarka. Fari sjóður yfir mörk, t.d. vegna markaðsaðstæðna eða inn- eða úttflæðis í sjóðinn, er sjóðstjóra gert viðvart án tafar og framkvæmdar viðeigandi ráðstafanir til að koma sjóði aftur inn fyrir heimildir. Sé um brot á heimildum skv. lögum er það tilkynnt til Fjármálaeftirlits.

Fjárfestingu í sérhæfðum

sjóðum fyrir almenna fjárfesta fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflökts gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Sjóðurinn fjárfestir fyrst og fremst í hlutabréfum skráðra fyrirtækja í Kauphöll Íslands. Leitast er við að fjárfesta í þeim félögum sem sjóðstjórar telja best hverju sinni með tilliti til væntrar ávöxtunar og áhættu, sveiflur á markaði munu því leiða til sveiflna í gengi sjóðsins. Sveiflur í vísitölunni leiða því til sveiflna í gengi sjóðsins. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi og ávöxtun sjóðsins er háð þróun á hlutabréfamarkaði og tekur því mið af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum vegna stöðutöku, en að hámarki 50% af heildareignum.

Fjárfestingarmarkmið og

fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ófangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu sjóðsins, sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikið. Útboðslýsing og lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru aðgengileg á heimasíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is).

Umfjöllun þessi er aðeins birt í

upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719,

er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020.